- c) inn- og útflutningstollum meðan á dvöl þeirra stendur (innan sex mánaða frá komu þeirra í fyrsta sinn til Mósambík eða innan sex mánaða tímabils frá undirritunardegi þessa samnings) án þess að munir til einkanota þeirra séu tryggðir. Til slíkra muna fyrir hverja fjölskyldu telst eitt nýtt eða notað vélknúið ökutæki, einn kælikápur, einn frys-tiskápur, ein þvottavél, ein eldavél, einn örbylgjuofn, eitt útvarpstæki, eitt sjónvarpstæki, eitt myndbandsupptökutæki, einn plötuspilari, eitt segulbandsupptökutæki, eða eitt stafrænt segulbandsupptökutæki, og lítil rafmagnsáhöld, auk þess fyrir hvern fullorðinn einstakling í hverri fjölskyldu, eitt loftræstítæki, eitt hitunartæki, ein vífta, ein einkatölva ásamt prentara og eitt eintak af filmu- og ljósmyndunarbúnaði. Þá er og heimilaður toll- og skattfrjálts inn- og útflutningur vegna endurnýjunar slíkra innfluttra muna, án þess að um tryggingu sé að ræða, ef þeir bila eða týnast; enn fremur er heimilt að flytja inn skattfrjálst eitt nýtt vélknúið ökutæki fjórum sinnum með árs millibili; þetta er háð því skilyrði að óheimilt er að selja slíkar persónulegar eigur starfsmanna, heimilistæki og vélknúin ökutæki í Mósambík fyrr en tvö ár eru liðin frá innflutningi þeirra, þó þannig að þegar slíkir munir eru seldir einhverjum öðrum einstaklingi en þeim sem nýtur svipaðrar undanþágu samkvæmt öðrum tvíhliða samningi eða samkomulagi sem Mósambík er bundin af, innan þeirra tveggja ára sem fyrr gat skuli þeir vera tollskyldir, um þá gilda innflutningstollar og aðrir tollar, gjöld eða skattar sem venjulega eru lagðir á vegna innflutnings, útflutnings eða sölu slíkra muna samkvæmt mósambískum lögum og reglugerðum.

16. Mósambík skal í neyðartilvikum auðvelda tollafgreiðslu sérstaks varnings til lækninga og heilsumatvæla, til einkanota starfslíðsins, maka og einstaklinga á framfæri þess. Viðkomandi

or charge, including contributions to national social security schemes, in respect of any emoluments paid to them by Iceland for their service in Mozambique under this Agreement;

- (b) the duty to submit to Mozambican authorities any tax or financial declarations required from the citizens of Mozambique or aliens residing in Mozambique for emoluments mentioned above;
- (c) import and export duties during their stay (within six months of their first entry into Mozambique or within a period of six months from the date of signature of this Agreement) and without providing security, for articles intended for their personal use. Such articles shall include for each household one new or used motor vehicle, one refrigerator, one deep freezer, one washing machine, one cooker, one microwave oven, one radio, one television set, one video recorder, one record player, one tape recorder, or one digital tape recorder and small electrical appliances, as well as for each adult person of each household one air conditioner, one heater, one fan, one personal computer and printer, one set of photographic and film equipment. The import and export of replacements, duty and tax free and without provision for security, shall also be permitted for such articles imported as have become unserviceable or have been lost, it shall moreover be permitted to import one new motor vehicle tax free in four yearly intervals, provided that such personal effects, household goods and motor vehicles may not be sold in Mozambique until 24 months have elapsed since their import, on the understanding, however, that in the event of such items being sold to any other person other than a person who enjoys similar exemptions pursuant to another bilateral agreement or convention binding on Mozambique, within the said period of 24 months, such items shall become subject to customs, import and other duties, levies or taxes ordinarily applied to the import, export or sale of such items under Mozambican laws and regulations.

16. In cases of urgency, Mozambique shall facilitate the entry through customs of special medical supplies and health foods for the personal use of the Personnel, their spouses and

heilbrigðisyrfvöld skulu veita samþykki sitt fyrir slíku.

17. Mósambík skal án ótilhlýðilegra tafa og endurgjaldslaust gefa út vegabréfsáritanir með ótakmarkaðri heimild til komu og brottfara til handa erlendu starfslíði, mökum og einstaklingum á framfæri þess, sem og dvalarleyfi, atvinnuleyfi og/eða önnur nauðsynleg leyfi sem gilda skulu allan ráðningartímann.

18. Mósambík skal veita aðstoð við tollskoðun á hlutum þeim sem nefndir eru í c-lið 15. mgr. og 6. gr.

19. Mósambík skal liðka fyrir útgáfu mósambískra ökuskírteina til handa starfslíðinu, mökum og einstaklingum á framfæri þess eða leyfa notkun íslensks eða alþjóðlegs ökuskírteinis og liðka fyrir skráningu ökutækja til einkanota af hálfu starfslíðsins, maka og einstaklinga á framfæri þess.

20. Mósambík skal ábyrgjast að framlög komi fram í áætlunum og fjárhagsáætlunum DDC.

21. Mósambík skal bera almenna ábyrgð á skipulagi, stjórnun og framkvæmd verkefna, þar með talin verk í hvaða flokki sem er, viðgerðir og viðhald bygginga, tækjabúnaður, varahlutir, varningur og efni sem völ er á samkvæmt þessum samningi.

22. Mósambík skal:

- a) takast á hendur allar þær skuldbindingar, sem um getur í 4. gr., að því er varðar starfslíð sem Ísland útvegar;
- b) takast á hendur allar þær skuldbindingar, sem um getur í 4. gr., að því er varðar ráðgjafa og verktaka sem Ísland útvegar;
- c) veita öll nauðsynleg leyfi, innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi sem kann að vera krafist í tengslum við framkvæmd verkefna.

23. Mósambík skal tilkynna Íslandi án tafar ef upp koma aðstæður sem trufla eða stefna í hættu árangursríkri framkvæmd verkefnisins.

24. Mósambík skal heimila fulltrúum Íslands að koma í heimsókn hvert sem er í Mósambík, enda helgist tilgangur slíkra heimsókna af samningi þessum, og kanna allar skýrslur og skjöl sem máli skipta.

#### 5. gr.

#### Bótaábyrgð.

1. Mósambík skal:

- a) ábyrgjast sérhverjar bætur, lögsókn, málshöfðun, kröfur, skemmdir, kostnað eða útgjöld sökum dauða eða slyss á einstaklingum

dependants. The approval thereof shall be given by the appropriate health authority.

17. Mozambique shall issue without undue delay free multiple entry and exit visas for the expatriate Personnel and their spouses and dependants as well as residence permits, work permits and other necessary and/or authorizations for the entire duration of the assignment.

18. Mozambique shall render assistance in clearance through customs of effects mentioned under paragraph 15(c) and Article VI.

19. Mozambique shall facilitate the issuance of national driver's licenses to the Personnel and their spouses and dependants or allow the use of Icelandic or international driver's licenses and facilitate the registration of vehicles for the personal use of the Personnel and their spouses and dependants.

20. Mozambique shall ensure that disbursements are reflected in the plans and budgets of DDC.

21. Mozambique shall have the overall responsibility for the planning, administration and implementation of Projects, including all categories of work, repair and maintenance of buildings, equipment, spare parts, goods and materials made available under this Agreement.

22. Mozambique shall:

- (a) Undertake all such obligations in regard to Personnel provided by Iceland as stated in Article IV;
- (b) Undertake all such obligations as stated in Article IV, in regard to consultants and contractors made available by Iceland;
- (c) Grant all necessary permits, import licenses and foreign exchange permissions that may be required in connection with the implementation of Projects.

23. Mozambique shall promptly inform Iceland of any condition which interferes or threatens to interfere with the successful implementation of the Project.

24. Mozambique shall permit representatives of Iceland to visit any part of Mozambique for purposes related to this Agreement and examine any relevant records and documents.

#### Article V

#### Liability

1. Mozambique shall:

- (a) be responsible for all liabilities, suits, actions, demands, damages, costs, or fees on account of death or injury to persons con-

er tengist einhverri athöfn eða athafnaleysi af hálfu framkvæmdaaðila eða starfslíðs meðan á starfsemi samkvæmt þessum samningi stendur;

- b) í öllum öðrum tilvikum, nema um sé að ræða misferli eða stórfellt gáleysi, ekki gera framkvæmdaaðila og starfslíð ábyrg fyrir bótakröfu í skyldustarfi, sem og bera alla áhættu og kröfur sem stafa af, verða til vegna eða tengjast að öðru leyti einhverri framkvæmd samkvæmt þessum samningi, þar með talið rit- og talmáli við skyldustörf.

Skyldi samt sem áður vera sýnt fram á eitt hvert misferli eða stórfellt gáleysi samkvæmt þessari málsgrein fyrir mósambískum dómstólum getur Mósambík látið viðkomandi einstakling bera ábyrgð á bótakröfu.

2. Ef Mósambík sættist á kröfu sem sett er fram skv. 1. mgr. á Mósambík rétt á að nýta sér hvern þann rétt til uppjöfnunar, gagnkröfu, tryggingaskaðabóta, bótakröfu, framlaga eða ábyrgðar sem Ísland, framkvæmdaaðilar eða starfslíð hefur rétt á að nýta sér.

#### 6. gr.

##### *Varningur.*

1. Í samningi þessum tekir „varningur“ vöru, efni, ökutæki, vélar og tæki sem lögð eru til af Íslandi eða framkvæmdaaðilum í verkefni samkvæmt þessum samningi eða annan varning sem afhentur er Mósambík samkvæmt starfsáætluninni.

2. Ísland mun, nema um annað sé samið í starfsáætluninni:

- greiða allan raunverulegan kostnað svo sem innkaup, flutning og, eins og hæfa þykir, tryggingar sem tengdar eru hverri vörusendingu varningsins;
- hafa umsjón með afhendingu varningsins til Mósambík;
- fara fram á að framkvæmdaaðilar láti tilnefnda aðila í Mósambík vita um áætlaðan komutíma vörusendinga um leið og þær eru sendar af stað, og senda farmbréf, reikninga og aðrar skyldar upplýsingar til þeirra.

3. Mósambík mun, nema annað sé tekið fram í starfsáætluninni:

- tilkynna Íslandi, ef nauðsynlegt telst, um hvaða innflutningsaðili skuli tollskoða og hvaða skýrslur skuli nota og upplýsa Ísland um innflutnings- og tollskoðunarstarfshætti þá sem gilda í Mósambík;

nected with any act or omission by the Executing Agencies or the Personnel in the course of the operations under this Agreement;

- (b) in all other cases, except in cases of willful misconduct or gross negligence, indemnify the Executing Agencies and the Personnel as well as bear all risks and claims resulting from, occurring in the course of, or otherwise connected with any operation under this Agreement, including words spoken or written in the course of the performance of their duties.

Should, however, willful misconduct or gross negligence under this paragraph be established by a Mozambican Court, Mozambique may hold the person concerned liable for indemnification.

2. In the event Mozambique meets any claim under paragraph 1 it is entitled to exercise and enforce any right of set-off, counterclaim, insurance, indemnity, contribution or guarantee to which Iceland, the Executing Agencies or the Personnel may become entitled.

#### Article VI

##### Commodities

1. For the purpose of this Agreement, the term “Commodities” shall mean goods, materials, vehicles, machinery and equipment made available by Iceland or the Executing Agencies for Projects under this Agreement or any other Commodities delivered to Mozambique under the Plan of Operations.

2. Iceland will, unless otherwise agreed in the Plan of Operations:

- cover the actual costs such as purchase, transport and, as appropriate, insurance connected with each consignment of the Commodities;
- be in charge of the delivery of the Commodities to Mozambique;
- require that the Executing Agencies notify designated agencies in Mozambique of the estimated date of arrival of the consignments immediately upon dispatch, and forward shipping documents, invoices and other related information to them.

3. Mozambique will, unless otherwise agreed in the Plan of Operations:

- notify Iceland, if necessary, of the import clearance agents to be used and of the documentation required for customs clearance and inform Iceland of the import and customs clearance procedures applied in Mozambique;

- b) eins fljótt og auðið er gefa endurgjaldslaust út nauðsynleg innflutningsleyfi og aðrar heimildir varðandi innflutning varningsins;
- c) veita varningnum undanþágu frá öllum tollum, sköttum og öðrum skyldum álögum og boðum sem tengjast komu hans til Mósambík og, þar sem við á, síðari flutningi hans aftur út úr landi;
- d) tryggja skjóta og örugga móttöku, geymslu, meðhöndlun, tollskoðun, afhendingu, svo og geymslu og frekari flutning á hinum innflutta varningi;
- e) gera allar viðeigandi ráðstafanir og stofna til þeirra málaferla sem kunna að vera nauðsynleg vegna krafna vegna taps eða skemmda, hvort heldur er í heild eða að hluta, af hverri sendingu varningsins og tilkynna Íslandi þar um;
- f) liðka fyrir skráningu vélknúinna ökutækja sem flutt eru til Mósambík.
4. Varningurinn, að meðtöldum ökutækjum sem notuð eru í verkefnum, skal verða og halda áfram að vera eign Mósambík þegar verkefnum ÞSSÍ í Mósambík lýkur. Samt sem áður skal varningurinn ávallt eingöngu notaður vegna viðkomandi verkefnis, framkvæmdaáætlunar eða annarrar sameiginlegar starfsemi samkvæmt þessum samningi á meðan á framkvæmd hans stendur.

## 7. gr.

*Verkefnismat.*

Í því skyni að fylgjast með og meta árangur samvinnunnar, svo og til skipulagningar fram-tíðarsamvinnu, skulu aðilar vera hvor öðrum tiltækir til sameiginlegs skrafs og ráðagerða og skulu veita þær upplýsingar sem af sanngirni má fara fram á.

## 8. gr.

*Deilur.*

Sérhver deila varðandi túlkun eða framkvæmd þessa samnings skal leyst með samningaviðræðum milli aðila.

## 9. gr.

*Breytingar.*

Gera má breytingar á þessum samningi með gagnkvæmu samþykki aðila í formi bréfastskipta.

## 10. gr.

*Gildistaka og uppsögn.*

Samningur þessi skal öðlast gildi á undir-titardegi og gilda í fjögur ár. Að þeim tíma

(b) promptly issue, free of charge, the necessary import licenses and other permits on importation of the Commodities;

(c) exempt the Commodities from all customs duties, taxes and other related charges and prohibitions pertaining to their entry into Mozambique and, where appropriate, their subsequent re-export;

(d) ensure swift and safe reception, berthing, handling, clearing, forwarding as well as storing and onward transportation of the imported Commodities;

(e) take all appropriate measures and institute any proceedings that may be necessary with regard to claims for loss or damage whether total or partial of any consignment of Commodities and notify Iceland thereafter;

(f) facilitate the registration of motor vehicles brought into Mozambique.

4. The Commodities, including the projects vehicles, shall become and remain the property of Mozambique at the termination of ICEIDA's projects in Mozambique. However, the Commodities shall always be at the exclusive disposal of the respective project, program or other joint activity under this Agreement during their implementation.

**Article VII**

## Evaluation

For the follow-up and evaluation of the cooperation as well as for the planning of future cooperation the Parties shall be available to each other for mutual consultation and give such information as may be reasonably requested.

**Article VIII**

## Disputes

Any dispute concerning the interpretation or implementation of this Agreement shall be settled by negotiation between the Parties.

**Article IX**

## Amendments

This agreement may be amended by mutual consent of the Parties by exchange of letters.

**Article X**

## Entry into Force and Termination

This Agreement shall enter into force on the date of its signature and remain in force for four

liðnum skal samningur þessi endurnýjast sjálfkrafa til tveggja (2) ára í senn, nema honum sé sagt upp skriflega með sex (6) mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur sagt samningi þessum upp skriflega með sex (6) mánaða fyrirvara. Samningurinn nær einnig til þeirra verkefna sem þegar eru hafin við gildistöku samningsins.

years. After the expiry of this period this Agreement shall be renewed automatically for further period of two (2) years each time, unless terminated upon six (6) months notice in writing. This Agreement can be terminated by either of the Parties by giving six (6) months written notice. This Agreement shall also cover Projects that have already been initiated at the entry into force of the Agreement.

Gjört í Reykjavík 21. ágúst 1996 og í Maputo 18. júlí 1996 í tvíriti á ensku.

Done at Reykjavik on 21 August 1996 and in Maputo on 18 July 1996 in duplicate in the English language.

Fyrir ríkisstjórn  
lýðveldisins Íslands  
Halldór Ásgrímsson  
utanríkisráðherra

For the Government of the  
Republic of Iceland  
Halldór Ásgrímsson  
Minister for Foreign Affairs

Fyrir ríkisstjórn  
lýðveldisins Mósambík  
Frances Rodrigues  
aðstoðarráðherra utanríkis-  
og samvinnumála

For the Government of the  
Republic of Mozambique  
Frances Rodrigues,  
Vice-Minister of Foreign Affairs  
and Cooperation

# AUGLÝSING

## um menningarsamning við Alþýðulýðveldið Kína.

Samningur um menningarsamstarf milli lýðveldisins Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína, sem gerður var í Peking 27. nóvember 1994, öðlaðist gildi 23. september 1996.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 27. september 1996.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR um menningarsamstarf milli lýðveldisins Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína (hér á eftir nefndir samningsaðilar), sem æskja þess að styrkja vinsamleg samskipti þessarar tveggja landa og efla gagnkvæman skilning og þekkingu þeirra í milli með því að auka menningartengsl landanna, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Markmiðið með þessum samningi er að efla samvinnu þessara tveggja landa á sviði menningar, tækni og vísinda.

2. gr.

Samningsaðilar skulu efla samvinnu þessara tveggja landa í menntamálum með samningnum milli háskóla, skiptiheimsóknum háskólakennara og fræðimanna og sameiginlegum vísindalegum rannsóknum á sviðum sem báðir aðilar hafa áhuga á.

3. gr.

Hvor samningsaðila um sig skal með gagnkvæmu samkomulagi og eftir því sem fjárhagur leyfir efla starfsemi stofnana og samtaka sem vinna að auknum menningartengslum milli landanna tveggja.

4. gr.

Hvor samningsaðila um sig skal efla kennslu í tungumáli og menningu hins landsins í háskólum sínum og öðrum æðri menntastofnunum.

5. gr.

Samningsaðilar skulu með gagnkvæmum hætti bjóða fram styrki til námsmanna eða þeirra sem hafa lokið háskólanámi frá hinu landinu til náms eða rannsókna við háskóla eða svipaðar stofnanir, svo sem tónlistarháskóla og æðri menntastofnanir á sviði hugvísinda, raunvísinda og lista.

6. gr.

Samningsaðilar skulu efla samvinnu í útgáfumálum, einkum er lýtur að bókasýningum, þýðingum og útgáfum bókmenntaverka hins landsins, innan þess ramma sem lög hvors lands um sig leyfa.

7. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á sýningum sem gefa mynd af listrænni og menningarlegri arfleifð hvors lands um sig.

## 8. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að samvinnu á sviði tónlistar, danslistar, myndlistar, leiklistar og kvikmyndalistar með skiptiheimsóknum listamanna og þátttöku í hátíðum eða öðrum mikilvægum listviðburðum.

## 9. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að miðlun upplýsinga og skiptiheimsóknum forgöngumanna á sviði hagfræði og menningar- og félagsmála.

## 10. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að miðlun upplýsinga og reynslu og skiptiheimsóknum forgöngumanna á sviði íþróttar- og æskulýðsmála.

## 11. gr.

Samningsaðilar skulu hvetja til samskipta og samvinnu milli útvarps- og sjónvarpsstöðva landanna.

## 12. gr.

Taka skal ákvörðun um tilhögun og fjármögnun þeirrar starfsemi sem fram fer samkvæmt þessum samningi í hverju tilviki fyrir sig og á grundvelli viðræðna milli samningsaðila.

## 13. gr.

Samningur þessi öðlast gildi sama dag og samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að þeir hafi lokið lögformlegri meðferð þessa máls.

## 14. gr.

Gildistími samningsins er fimm ár. Hafi hvorugur samningsaðila tilkynnt hinum skriflega um vilja sinn til að segja samningnum upp sex mánuðum áður en hann fellur úr gildi framlengist samningurinn sjálfkrafa um önnur fimm ár og er þá unnt að endurnýja hann á sama hátt.

Gjört í Peking hinn 27. nóvember 1994 í tvíriti á íslensku og kínversku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
lýðveldisins Íslands

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Alþýðulýðveldisins Kína

Ingví Ingvarsson

Liu Deyou

## AUGLÝSING

### um samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Hinn 23. október 1996 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem gerður var í New York 10. september 1984 og staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á samningnum sem gerðar voru í New York 8. september 1992. Alþingi hafði með ályktun 22. maí 1996 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn og staðfesta breytingarnar. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 22. nóvember 1996. Tilkynnt verður um gildistöku breytinganna síðar.

Sama dag var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent yfirlýsing samkvæmt 21. og 22. gr. samningsins og öðlaðist yfirlýsingin gildi þann dag. Í yfirlýsingunni er viðurkennt fyrir Íslands hönd vald nefndar gegn pyndingum, sem starfar samkvæmt samningnum, til þess að taka á móti og athuga erindi þar sem aðildarríki heldur því fram að annað aðildarríki framfylgi ekki skyld-

um sínum samkvæmt samningnum og til þess að taka á móti og athuga erindi frá einstaklingum eða fyrir hönd einstaklinga sem falla undir lögsögu Íslands og halda því fram að aðildarríki hafi brotið ákvæði samningsins gagnvart þeim.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og breytingarnar sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytinu, 25. október 1996.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

### Fylgiskjal 1.

#### **SAMNINGUR**

**gegn pyndingum og annarri  
grimmilegri, ómannlegri eða  
vanvirðandi meðferð eða refsingu.**

#### **CONVENTION**

**against Torture and Other Cruel,  
Inhuman or Degrading Treatment  
or Punishment**

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum, sem telja, í samræmi við meginreglur þær er fram koma í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að viðurkenning á jöfnum og óafsalanlegum réttindum allra manna sé undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

viðurkenna að réttindi þessi grundvallist á meðfæddri göfgi mannsins,

hafa í huga skuldbindingar ríkja samkvæmt sáttmálanum, sérstaklega 55. gr., til að efla almenna virðingu fyrir og halda í heiðri mannréttindi og grundvallarfrelsi,

hafa hliðsjón af 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnámáleg réttindi sem báðar kveða á um að enginn maður skuli sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,

hafa einnig hliðsjón af yfirlýsingu um vernd allra manna gegn því að sæta pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem samþykkt var á allsherjarþinginu 9. desember 1975 og

vilja að baráttan gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði árangursríkari um heim allan,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

#### **I. HLUTI**

##### **1. gr.**

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „pyndingar“ hvern þann verknað sem manni er vísvitandi valdið alvarlegum líkamlegum eða and-

*The States Parties to this Convention,*

*Considering that, in accordance with the principles proclaimed in the Charter of the United Nations, recognition of the equal and inalienable rights of all members of the human family is the foundation of freedom, justice and peace in the world,*

*Recognizing that those rights derive from the inherent dignity of the human person,*

*Considering the obligation of States under the Charter, in particular Article 55, to promote universal respect for, and observance of, human rights and fundamental freedoms,*

*Having regard to article 5 of the Universal Declaration of Human Rights and article 7 of the International Covenant on Civil and Political Rights, both of which provide that no one shall be subjected to torture or to cruel, inhuman or degrading treatment or punishment,*

*Having regard also to the Declaration on the Protection of All Persons from Being Subjected to Torture and Other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment, adopted by the General Assembly on 9 December 1975,*

*Desiring to make more effective the struggle against torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment throughout the world,*

*Have agreed as follows:*

#### **PART I**

##### *Article 1*

1. For the purposes of this Convention, the term “torture” means any act by which severe pain or suffering, whether physical or mental, is



legum sársauka eða þjáningu með í því skyni t.d. að fá hjá honum eða þriðja manni upplýsingar eða játningu, refsra honum fyrir verk sem hann eða þriðji maður hefur framið eða er grunaður um að hafa framið, eða til að hræða eða neyða hann eða þriðja mann, eða af ástæðum sem byggjast á mismunun af einhverju tagi, þegar þeim sársauka eða þjáningu er valdið af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umliðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Hugtakið tekur ekki til sársauka eða þjáningar sem rekja má að öllu leyti til eða tilheyrir eða leiðir af lögmætum viðurlögum.

2. Grein þessi skerðir ekki gildi neins alþjóðasamnings eða ákvæða í landslögum sem hafa eða kunna að hafa ákvæði sem ganga lengra.

#### 2. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera virkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnýslu og réttarvörslu eða aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir pyndingar á sérhverju landsvæði í lögsögu þess.

2. Hvernig sem á stendur má aldrei höfða til sérstakra aðstæðna af nokkru tagi, svo sem ófriðarástands, ófriðarhættu, ótryggs stjórn málaástands innanlands eða nokkurs annars almenns neyðarástands, til réttlætningar pyndingum.

3. Ekki má vísa til yfirmæla yfirboðara eða stjórnvalds til réttlætningar pyndingum.

#### 3. gr.

1. Ekkert aðildarríki skal vísa úr landi, endursenda (refouler) eða framselja mann til annars ríkis ef veruleg ástæða er til að ætla að hann eigi þar á hættu að sæta pyndingum.

2. Þegar ákveðið er hvort slíkar ástæður eru fyrir hendi skulu þar til bær yfirvöld hafa hliðsjón af öllum atriðum sem máli skipta, þar á meðal, eftir því sem við á, hvort í ríki því sem um ræðir viðgangist gróf, augljós eða stórfelld mannréttindabrot.

#### 4. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að pyndingar af öllu tagi teljist til afbrota samkvæmt refsilögum þess. Það sama skal gilda um tilraun til pyndinga og verk hvers þess manns sem telst hlutdeildarmaður eða þátttakandi í pyndingum.

intentionally inflicted on a person for such purposes as obtaining from him or a third person information or a confession, punishing him for an act he or a third person has committed or is suspected of having committed, or intimidating or coercing him or a third person, or for any reason based on discrimination of any kind, when such pain or suffering is inflicted by or at the instigation of or with the consent or acquiescence of a public official or other person acting in an official capacity. It does not include pain or suffering arising only from, inherent in or incidental to lawful sanctions.

2. This article is without prejudice to any international instrument or national legislation which does or may contain provisions of wider application.

#### Article 2

1. Each State Party shall take effective legislative, administrative, judicial or other measures to prevent acts of torture in any territory under its jurisdiction.

2. No exceptional circumstances whatsoever, whether a state of war or a threat or war, internal political instability or any other public emergency, may be invoked as a justification of torture.

3. An order from a superior officer or a public authority may not be invoked as a justification of torture.

#### Article 3

1. No State Party shall expel, return (“*refouler*”) or extradite a person to another State where there are substantial grounds for believing that he would be in danger of being subjected to torture.

2. For the purpose of determining whether there are such grounds, the competent authorities shall take into account all relevant considerations including, where applicable, the existence in the State concerned of a consistent pattern of gross, flagrant or mass violations of human rights.

#### Article 4

1. Each State Party shall ensure that all acts of torture are offences under its criminal law. The same shall apply to an attempt to commit torture and to an act by any person which constitutes complicity or participation in torture.

2. Hvert aðildarríki skal leggja hæfilegar refsingar við brotum þessum sem taka tillit til þess hversu alvarleg þau eru.

#### 5. gr.

1. Í eftirgreindum tilvikum skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella þau brot sem um ræðir í 4. gr. undir lögsögu sína:

(a) þegar brotin eru framin á landsvæði í lögsögu þess eða um borð í skipi eða loftfari sem skráð er í því ríki;

(b) þegar sökunautur er þegn þess ríkis;

(c) þegar sá sem fyrir broti verður er þegn þess ríkis og það ríki telur rétt að gera svo.

2. Sömuleiðis skal hvert aðildarríki gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fella slík brot undir lögsögu þess ef sökunautur er staddur á landsvæði í lögsögu þess og hann er ekki framseldur skv. 8. gr. til einhvers þess ríkis sem 1. mgr. þessarar greinar tekur til.

3. Samningur þessi skal ekki hindra beitingu neinnar refsilögsögu samkvæmt landslögum.

#### 6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, ef maður sem sakaður er um að hafa framið eitthvert þeirra brota sem um ræðir í 4. gr. er staddur innan lögsögu þess, er það hefur athugað þær upplýsingar sem því eru tiltækar og gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, taka hann í gæslu eða gera aðrar ráðstafanir samkvæmt lögum til að tryggja nærveru hans. Um gæslu eða aðrar ráðstafanir samkvæmt lögum skal fara að lögum þess ríkis, en ekki mega ráðstafanir þessar vara lengur en nauðsyn krefur til að unnt sé að höfða refsímál eða hlutast til um framsal.

2. Viðkomandi ríki skal þegar framkvæma frumrannsókn á málavöxtum.

3. Manni, sem hafður er í gæslu skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal veitt aðstoð til að hafa þegar í stað samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann er þegn, eða, sé hann ríkisfangslaus, við fulltrúa þess ríkis þar sem hann dvelur að jafnaði.

4. Þegar ríki hefur tekið mann í gæslu samkvæmt þessari grein skal það þegar tilkynna þeim ríkjum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. að maðurinn sé þar í gæslu og um þær ástæður sem hún er byggð á. Ríki það, sem framkvæmir

2. Each State Party shall make these offences punishable by appropriate penalties which take into account their grave nature.

#### Article 5

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences referred to in article 4 in the following cases:

(a) When the offences are committed in any territory under its jurisdiction or on board a ship or aircraft registered in that State;

(b) When the alleged offender is a national of that State;

(c) When the victim is a national of that State if that State considers it appropriate.

2. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over such offences in cases where the alleged offender is present in any territory under its jurisdiction and it does not extradite him pursuant to article 8 to any of the States mentioned in paragraph 1 of this article.

3. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with internal law.

#### Article 6

1. Upon being satisfied, after an examination of information available to it, that the circumstances so warrant, any State Party in whose territory a person alleged to have committed any offence referred to in article 4 is present, shall take him into custody or take other legal measures to ensure his presence. The custody and other legal measures shall be as provided in the law of that State but may be continued only for such time as is necessary to enable any criminal or extradition proceedings to be instituted.

2. Such State shall immediately make a preliminary inquiry into the facts.

3. Any person in custody pursuant to paragraph 1 of this article shall be assisted in communicating immediately with the nearest appropriate representative of the State of which he is a national, or, if he is a stateless person, with the representative of the State where he usually resides.

4. When a State, pursuant to this article, has taken a person into custody, it shall immediately notify the States referred to in article 5, paragraph 1, of the fact that such person is in custody and of the circumstances which warrant his

frumrannsókn þá sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. þessarar greinar, skal þegar í stað tilkynna áðurgreindum ríkjum um það sem fram hefur komið og taka fram hvort það ætli að beita lögsögu sinni.

#### 7. gr.

1. Nú er á landsvæði í lögsögu aðildarríkis að finna mann sem sakaður er um að hafa framið eitthvert þeirra brota sem um ræðir í 4. gr. og skal það þá, í þeim tilvikum sem um er fjallað í 5. gr., fela málið þar til bærum yfirvöldum sínum til höfðunar refsímáls ef maðurinn er ekki framseldur.

2. Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og um hvert annað alvarlegt afbrot væri að ræða samkvæmt lögum þess ríkis. Í tilvikum þeim sem um ræðir í 2. mgr. 5. gr. skulu kröfur um fyrirliggjandi sönnunargögn til höfðunar refsímáls og sakfellingar á engan hátt vera minni en þær sem eiga við í tilvikum þeim sem um ræðir í 1. mgr. 5. gr.

3. Hverjum þeim manni, sem refsímál er höfðað gegn vegna brota sem um ræðir í 4. gr., skal tryggð réttlát málsmeðferð á öllum stigum málsins.

#### 8. gr.

1. Í öllum framsalssamningum sem þegar eru fyrir hendi milli aðildarríkja skal litið svo á að brot þau, sem um ræðir í 4. gr., teljist til afbrota sem geta varðað framsali. Aðildarríki skuldbinda sig til að fella slík brot undir afbrot sem varðað geta framsali í öllum framsalssamningum sem síðar eru gerðir milli þeirra.

2. Nú berst aðildarríki, sem setur það skilyrði fyrir framsali að milliríkjasamningur sé fyrir hendi, framsalsbeiðni frá öðru ríki sem það hefur ekki gert framsalssamning við og má það þá líta svo á að samningur þessi veiti lagagrundvöll til framsals að því er slík brot varðar. Framsal skal háð öðrum skilyrðum sem lög þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til kveða á um.

3. Aðildarríki, sem ekki setja það skilyrði fyrir framsali að milliríkjasamningur sé fyrir hendi, skulu sín á milli telja slík brot til afbrota sem varðað geti framsali samkvæmt þeim skilyrðum sem lög þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til kveða á um.

4. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal farið með slík brot eins og þau hefðu verið framin ekki aðeins á þeim vettvangi þar sem þau

detention. The State which makes the preliminary inquiry contemplated in paragraph 2 of this article shall promptly report its findings to the said States and shall indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

#### Article 7

1. The State Party in the territory under whose jurisdiction a person alleged to have committed any offence referred to in article 4 is found shall in the cases contemplated in article 5, if it does not extradite him, submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution.

2. These authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any ordinary offence of a serious nature under the law of that State. In the cases referred to in article 5, paragraph 2, the standards of evidence required for prosecution and conviction shall in no way be less stringent than those which apply in the cases referred to in article 5, paragraph 1.

3. Any person regarding whom proceedings are brought in connection with any of the offences referred to in article 4 shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings.

#### Article 8

1. The offences referred to in article 4 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between States Parties. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.

2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, it may consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of such offences. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize such offences as extraditable offences between themselves subject to the conditions provided by the law of the requested state.

4. Such offences shall be treated, for the purpose of extradition between States Parties, as if they had been committed not only in the place

áttu sér stað heldur einnig á landsvæði þeirra ríkja sem fella skulu þau undir lögsögu sína skv. 1. mgr. 5. gr.

9. gr.

1. Aðildarríki skulu af fremsta megni aðstoða hvert annað í tengslum við meðferð refsímáls vegna sérhvers þess brots sem um ræðir í 4. gr., þar með talið með afhendingu allra sönnunargagna sem þeim eru tiltæk og þörf er á við meðferð málsins.

2. Aðildarríki skulu rækja skyldur sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við sérhvern þann samning um gagnkvæma réttaraðstoð sem í gildi kann að vera milli þeirra.

10. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að kennsla og upplýsingar um bann við pyndingum verði óaðskiljanlegur hluti þjálfunar löggæslumanna á vegum borgaralegra yfirvalda eða hers, starfsfólks í heilsugæslu, opinberra starfsmanna og annarra sem kunna að fást við gæslu, yfirheyrslu eða meðferð hvers þess manns sem sætir handtöku, gæslu eða fangelsun af nokkru tagi.

2. Hvert aðildarríki skal tilgreina bann þetta í reglum þeim eða fyrirmælum sem sett eru um skyldur og störf allra slíkra starfsmanna.

11. gr.

Hvert aðildarríki skal hafa kerfisbundið eftirlit með yfirheyrslureglum, fyrirmælum, aðferðum, starfsvenjum og fyrirkomulagi við gæslu og meðferð manna sem sæta handtöku, gæslu eða fangelsun af nokkru tagi á öllum landsvæðum í lögsögu þess, í því skyni að koma í veg fyrir að hvers konar pyndingar eigi sér stað.

12. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að þar til bær yfirvöld þess hlutist þegar til um óhlutdræga rannsókn hvenær sem skýnsamleg ástæða er til að ætla að pyndingar hafi átt sér stað á einhverju landsvæði innan lögsögu þess.

13. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að sérhver einstaklingur, sem heldur því fram að hann hafi verið beittur pyndingum á einhverju landsvæði í lögsögu þess, eigi rétt á að bera fram kæru til þar til bærra yfirvalda þess og að mál hans sæti þegar óhlutdrægri rannsókn af þeirra hálfu. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að kærandinn og

in which they occurred but also in the territories of the States required to establish their jurisdiction in accordance with article 5, paragraph 1.

*Article 9*

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal proceedings brought in respect of any of the offences referred to in article 4, including the supply of all evidence at their disposal necessary for the proceedings.

2. States Parties shall carry out their obligations under paragraph 1 of this article in conformity with any treaties on mutual judicial assistance that may exist between them.

*Article 10*

1. Each State Party shall ensure that education and information regarding the prohibition against torture are fully included in the training of law enforcement personnel, civil or military, medical personnel, public officials and other persons who may be involved in the custody, interrogation or treatment of any individual subjected to any form of arrest, detention or imprisonment.

2. Each State Party shall include this prohibition in the rules or instructions issued in regard to the duties and functions of any such persons.

*Article 11*

Each State Party shall keep under systematic review interrogation rules, instructions, methods and practices as well as arrangements for the custody and treatment of persons subjected to any form of arrest, detention or imprisonment in any territory under its jurisdiction, with a view to preventing any cases of torture.

*Article 12*

Each State Party shall ensure that its competent authorities proceed to a prompt and impartial investigation, wherever there is reasonable ground to believe that an act of torture has been committed in any territory under its jurisdiction.

*Article 13*

Each State Party shall ensure that any individual who alleges he has been subjected to torture in any territory under its jurisdiction has the right to complain to, and to have his case promptly and impartially examined by, its competent authorities. Steps shall be taken to ensure that the complainant and witnesses are protect-

vitni séu vernduð fyrir illri meðferð eða hótunum sem rekja má til kærunnar eða skýrslna sem gefnar hafa verið.

#### 14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal í réttarkerfi sínu tryggja að sá sem hefur sætt pyndingum hljóti uppreisn og eigi framkvæmanlegan rétt til sanngjarnra og fullnægjandi bóta, þar með talið fyrir allri þeirri endurhæfingu sem kostur er á. Hljóti maður bana af völdum pyndinga skulu þeir sem hann framfærir eiga rétt á bótum.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu engin áhrif hafa á bótarétt sem þegar er fyrir hendi í landslögum til handa þeim er sætt hefur pyndingum eða öðrum.

#### 15. gr.

Hvert aðildarríki skal tryggja að engin yfirlýsing, sem reynist hafa verið fengin með pyndingum, sé notuð sem sönnunargagn við meðferð máls, nema gegn þeim sem sakaður er um pyndingar til sönnunar því að yfirlýsingin hafi verið gefin.

#### 16. gr.

1. Hvert aðildarríki skuldbindur sig til að hindra að á nokkru landsvæði í lögsögu þess séu framin önnur verk er teljast til grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar, en falla þó ekki undir skilgreiningu hugtaksins pynding í 1. gr., þegar slík verk eru framin af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umliðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Sérstaklega skulu skuldbindingar þær gilda sem um getur í 10., 11., 12. og 13. gr. þannig að í stað þess að vísað sé til pyndinga sé vísað til annarrar grimmilegrar, ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar eða refsingar.

2. Ákvæði samnings þessa skerða ekki gildi ákvæða neinna annarra alþjóðasamninga eða landslaga sem leggja bann við grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða varða framsal eða brottvísun úr landi.

## II. HLUTI

#### 17. gr.

1. Setja skal á stofn nefnd gegn pyndingum (hér eftir kölluð nefndin) er fer með þau verkefni sem segir hér á eftir. Nefndin skal skipuð tíu sérfræðingum sem séu vammlausir og viður-

ed against all ill-treatment or intimidation as a consequence of his complaint or any evidence given.

#### Article 14

1. Each State Party shall ensure in its legal system that the victim of an act of torture obtains redress and has an enforceable right to fair and adequate compensation, including the means for as full rehabilitation as possible. In the event of the death of the victim as a result of an act of torture, his dependents shall be entitled to compensation.

2. Nothing in this article shall affect any right of the victim or other persons to compensation which may exist under national law.

#### Article 15

Each State Party shall ensure that any statement which is established to have been made as a result of torture shall not be invoked as evidence in any proceedings, except against a person accused of torture as evidence that the statement was made.

#### Article 16

1. Each State Party shall undertake to prevent in any territory under its jurisdiction other acts of cruel, inhuman or degrading treatment or punishment which do not amount to torture as defined in article 1, when such acts are committed by or at the instigation of or with the consent or acquiescence of a public official or other person acting in an official capacity. In particular, the obligations contained in articles 10, 11, 12 and 13 shall apply with the substitution for references to torture of references to other forms of cruel, inhuman or degrading treatment or punishment.

2. The provisions of this Convention are without prejudice to the provisions of any other international instrument or national law which prohibits cruel, inhuman or degrading treatment or punishment or which relates to extradition or expulsion.

## PART II

#### Article 17

1. There shall be established a Committee against Torture (hereinafter referred to as the Committee) which shall carry out the functions hereinafter provided. The Committee shall con-

kenndir fyrir hæfni á sviði mannréttinda og skulu þeir starfa sem einstaklingar. Skulu sérfræðingarnir kjörnir af aðildarríkjunum, að teknu tilliti til sanngjarnrar landfræðilegrar dreifingar og gagnsemi þess að sumir nefndarmenn hafi lögfræðilega starfsreynslu.

2. Nefndarmenn skulu kjörnir leynilegri kosningu af skrá um menn sem aðildarríki hafa tilnefnt. Hvert aðildarríki getur tilnefnt einn mann úr hópi eigin þegna. Skulu aðildarríki hafa í huga gagnsemi þess að tilnefna menn sem einnig eiga sæti í mannréttindanefndinni sem stofnuð var samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórn mála réttindi og eru reiðubúnir til að sitja í nefndinni gegn pyndingum.

